

## ForMA, Fundargerð

Fundur haldinn 13. september 2018 kl 17:00 í Menntaskólanum.

Mættir: Heimir, Inda, Anna Kristín, Óli Þór, Sólrún, Harpa

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar á þessu starfsári. Stjórn FORMA skipa

Anna Kristín Arnardóttir

Arnar Valsteinsson

Bryndís Inda Stefánsdóttir

Guðrún Dóra Clarke

Harpa Hauksdóttir Hammer

Óli ÞórJónsson

Ragnheiður Baldursdóttir

Sólrún Stefánsdóttir

Sem fyrr situr Heimir Haraldsson námsráðgjafi fundina.

1. Jón Már bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Sagði að fulltrúar nemenda hefðu nefnt við sig tvö mál, að aðgengi í gryfjuna væri erfitt fyrir þá sem ekki hafa fulla hreyfigetu og að komið hefði fyrir að nemendur væru að veipa inni í kennslustundum. Verður tekið fyrir í skólaráði og við fáum að fylgjast með framvindu mála.
2. Fundum einu sinni í mánuði í um klukkustund. Sami fundartími í vetur, á fimmtudögum kl. 17.00.
3. Skipað í hlutverk stjórnar. –X formaður, – Óli Þór varaformaður, Inda – ritari,–og Guðrún Dóra í skólanefnd. Ákveðið að fresta frekari skipunum i embætti stjórnar til næsta fundar þar sem fjóra stjórnarmeðlimi vantaði og ekki vitað hvort Guðrún hefur hug á að sitja áfram fundi skólanefndar.
4. Ekkert fé fer í gegnum félagið og því ekki þörf á gjaldkera. Enn er þó til smá upphæð sem áætlað er að nota í fræðslu af einhverju tagi fyrir nemendur.
5. Fyrstu skóladagar nýnema: Ekki var nýnemadagur með sama sniði og í fyrra þar sem ekki fékkst styrkur til slíks. 3. og 4. bekkur sá um stöðvar þar sem öll verkefni þóttu ekki við hæfi.
6. Farið yfir samkomulag milli FORMA og stjórnar Hugins. Eftir á að bera það undir stjórn Hugins. Hittum þau á næsta fundi.

7. Skólaárið fer vel af stað að sögn Heimis. Flottur hópur sem hóf nám hér í haust.

Næsti fundur fimmtudaginn 11. október kl. 17.00.

Fundi slitið kl 18:00

Ritari: Bryndís Inda